

Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/20 73
komudagur 7.5. 2010

Reykjavík 6. maí 2010
Tilvísun FLE 20-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur


Málefni: Frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi (uppgjör á eignum og skuldum gömlu bankanna) 517.mál.

Með tölvupósti dags. 28. apríl s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2309
komudagur 17. 5. 2010

Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. maí 2010
Tilvísun: 2010040070


Frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 517. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts, dags. 28. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi (uppgjör á eignum og skuldum gömlu bankanna), 517. mál.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og gerir engar efnislegar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar Þ. Andersen



Arnar Þór Sæþórsson



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. E 138/1825
komudagur 28.4.2010

28. apríl 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi (uppgjör á eignum og skuldum gömlu bankanna), 517. mál.

Viðskiptanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi (uppgjör á eignum og skuldum gömlu bankanna), 517. mál.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2140
komudagur 11.5.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10, 150 REYKJAVÍK	10. maí 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis dags. 28. apríl sl. um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi (uppgjör á eignum og skuldum gömlu bankanna), 517. mál.

Ofangreint frumvarp tengist samningum sem tókust milli gömlu bankanna, nýju bankanna og fjármálaráðuneytisins um uppgjör og greiðslur vegna þeirra eigna, sem færðar voru frá gömlu bönkunum til nýju bankanna í samræmi við ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpinu er lagt til að ákveðnum fjármálafyrirtækjum verði heimilt að veita gagnaðilum sínum fullnægjandi veðtryggingu í samræmi við ákvæði samninganna á grundvelli gildandi laga. Um er að ræða fjármálafyrirtæki, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálmarkaði o.fl.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Stjórn Ríkisendurskoðunar

Árnór Örn



Alþingi
Erindi nr. P 138/2252
komudagur 14.5.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Reykjavík 12. maí 2010
Tilvísun: 2010040157
50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi

Með vísan til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra, dagsett 28. apríl sl., hefur efnahagsbrotadeild farið yfir frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 517. mál. Er það niðurstaða saksóknara efnahagsbrotadeildar að gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

 / 
Thelma Cl. Þórðardóttir / Gísli Pálsson

Erindi nr. P 138/1936
komudagur 5.5.2010

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. maí 2010 02-2010041093
T-ums 31/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði - 517. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 28. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði - 517. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði í sérstök lög ákvæði sem heimili fjármálafyrirtækjum að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækisins á grundvelli neyðarlaganna og að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa.

Að mati ríkisskattstjóra fellur efni frumvarpsins utan við starfssvið embættisins og gerir embættið af þeim sökum engar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Reykjavík, 10. maí 2010

Alþingi
Viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Frv. til 1. um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi, 517. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga, um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar FME á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði (517. mál).

Samtökin styðja eindregið lögfestingu frumvarpsins en telja þó mikilvægt að gera þá breytingu að það taki einnig til fyrirtækja sem eru ekki fjármálafyrirtæki en eru stofnuð á grundvelli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins og taka yfir eignir og skuldbindingar gagnvart þeim sem taka við innlánnum. Í tilviki SPRON var t.d. farin sú leið að stofnað var sérstakt félag Drómi hf sem tók við öllum eignum SPRON og yfirtók skuldbindinguna gagnvart Arion banka vegna yfirtöku bankans á innlánnum. Sömu sjónarmið eiga við í slíku tilviki og þegar fjármálafyrirtæki er stofnað til þess að taka við eignum og innlánnum. Því er gerð tillaga um eftirfarandi breytingar á frumvarpni:

Við 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

- a. Í stað orðsins „Fjármálafyrirtækinu“ í upphafi síðari málsliðar komi: *Fyrirtækinu.*
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. nær einnig til félags sem ekki er fjármálafyrirtæki enda sé félagið stofnað á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins í því skyni að annast uppgjör á sama hátt og um ræðir í 1. mgr.

Við 2. gr.


Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

- a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ í 1. málslíð 1. mgr. komi: *félags sem lög þessi taka til.*
- b. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í 1. málslíð 1. mgr. komi: *viðkomandi félags.*

Við 3. gr.

Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ komi: *félags sem lög þessi taka til.*

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/2470
komudagur 20.5.2010

19. maí 2010

SI-63387

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 517. mál.

Með tölvupósti dags. 28. apríl 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að í því sé lagt til að sett verði í sérstök lög ákvæði sem heimili fjármálafyrirtækjum að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli neyðarlaganna og að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa. Þá segir einnig m.a. að breytingin muni, ef frumvarpið hlýtur afgreiðslu, gera viðkomandi fjármálafyrirtækjum það mögulegt að veita gagnaðilum sínum, á grundvelli gildandi laga, fullnægjandi veðtryggingu í samræmi við ákvæði samninganna á milli gömlu bankanna, nýju bankanna og fjármálaráðuneytis frá desember 2009.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins falla undir gildissvið þess veðsamningar gerðir í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli neyðarlaganna. Frumvarpið miðar þannig að því að auðvelda uppgjör fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið greip inn í á grundvelli neyðarlaganna. Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér nýjar heimildar fjármálafyrirtækja til veðsetningar eigna sinna heldur er tilgangurinn að auðvelda fullnægjandi veðsetningu í samræmi við ákvæði uppgjörssamninga og að tryggja réttarvernd veðsetningarinnar með því að víkja til hliðar ákvæðum 46. og 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 og tryggja veðsetninguna gegn ákvæðum 137. gr. laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991 um riftun. Samkvæmt lokamálsgrein 2. gr. frumvarpsins er 43. gr. laga um samningsveð um áritun viðskiptabréfa þó ekki vikið til hliðar. Frumvarpið tekur ekki á því hvort 16. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna

eignarskráningu verðbréfa sé vikið til hliðar og verður því að álykta að hún gildi varðandi réttindi að rafbréfum, en veðréttindi yfir þeim verður að skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gagnvart grandlausum þriðja aðila.


Eins og áður segir miðar gildissvið frumvarpsins við veðsamninga sem gerðir eru tilteknum tilgangi, þ.e. „... í tengslum við uppgjör Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis ...“. Ekki er alveg ljóst hvernig túlka skuli orðalag 1. ml. 1. gr., þ.e. hversu langt orðalagið „í tengslum við“ nær. Spurning vaknar hvort frumvarpið taki til t.d. samninga þar sem „gamli“ bankinn framselur þegar veðsett eignasafn sitt (safn veðskuldabréfa/lánasamninga) til „nýja“ bankans og „nýji“ bankinn greiðir fyrir safnið með því að greiða kröfu veðhafans – en greiðslan er felst í því að veðhafinn lánar „nýja“ bankanum og eignasafnið stendur áfram til tryggingar, en nú til tryggingar kröfu veðhafans á „nýja“ bankann. Sé niðurstaðan sú að gildissviðið nái ekki yfir samning af þessu tagi þá gilda að fullu ákvæði laga um samningsveð og ákvæði 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga, eins og í öðrum samningum sem ekki tengjast uppgjöri vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis.

Fulltrúi Seðlabankans mætti á fund viðskiptanefndar hinn 19. maí en fyrir fundinn hafði bankanum borist spurning um „*hvort talin sé nauðsyn á því að gera almenna lagabreytingu sama efnis, þ.e. sambærilegar reglur sem taki ekki bara til „neyðarlagafyrirtækja“*“. Í þessu sambandi vill Seðlabankinn vekja athygli á því að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er gagnrýnt að Seðlabankinn hafi ekki freistað þess í aðdraganda hrunsins að taka önnur veð en óvarin skuldbréf bankanna, þrátt fyrir að bankarnir hafi haft aðrar eignir eins og lánabækur sínar, til þess að leggja að veði. Rannsóknarnefndin telur það ekki málefnalega ástæðu að Seðlabankinn leitaði ekki eftir haldbetri veðum vegna þess að það hafi verið vandkvæðum bundið fyrir bankann að taka við „*fýsískum*“ skuldbréfum. Seðlabankinn tók að veði í október 2008 og síðar það haust „*fýsiskar*“ eignir af þessu tagi, bæði skuldabréf og lánasamninga, en framkvæmd veðsetninganna reyndist töluverðum vandkvæðum bundin, m.a. vegna ákvæða 46. gr. laga um samningsveð. Eins og reglur Seðlabankans um viðskipti fjármálafyrirtækja við bankann hljóða nú, eru eignir af þessu tagi ekki hæfar til trygginga og reynir því ekki á slíkar veðsetningar. Engu að síður telur Seðlabankinn að það hagræði sem frumvarpið veitir, eigi einnig að standa Seðlabankanum til boða í ljósi hlutverks hans sem lánveitanda til þrautavara og þess að reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabankann geta tekið breytingum eftir aðstæðum sem ríkja á fjármálamarkaði hverju sinni.


Þá spurði viðskiptanefnd hvort frumvarpið „*rýri eða takmarki forgang tryggingasj. innstæðueigenda*“. Eins og áður segir veitir frumvarpið fjármálafyrirtækjum í raun enga nýja heimild til veðsetningar heldur auðveldar einungis veðsetningu í þeim tilvikum þegar um uppgjör er að ræða á grundvelli neyðarlaganna. Fjármálafyrirtæki geta þar af leiðandi veðsett eigur sínar eins og áður í öðrum tilvikum en vegna fyrrnefnds uppgjörs. Veðkröfur eru réttærri í kröfuröð en forgangskrafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og þar af leiðandi er ljóst að eftir því sem fjármálafyrirtæki veðsetur meira af eignum sínum kann möguleiki sjóðsins til endurheimtu úr þrotabúi að rýrna. Í þessu sambandi má benda á 10. gr. frumvarps til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 291 – 255. mál) en þar er gert ráð fyrir því að viðbótariðgjald sem greitt er umfram fast iðgjald hækki eftir því sem innlánsstofnun veðsetur meira af eignum sínum. Þá er rétt að hafa í huga að í frumvarpi um innstæðutryggingar er sett þak á tryggðar innstæður, þ.e. heildarfjárhæð tryggðrar innstæðu hvers einstaks innstæðueiganda í fjármálafyrirtæki getur ekki orðið hærri fjárhæð en sem nemur jafnvirði 50.000 evra.

Viðskiptanefnd spurði um mat á áhrifum frumvarpsins á útgáfu skuldabréfa fjármálafyrirtækis. Vandséð er að lesa út úr efnahagsreikningi fjármálafyrirtækis hversu mikið það hefur veðsett eignir sínar. Sé um útgáfu markaðsverðbréfa að ræða er stöðu viðkomandi fjármálafyrirtækis lýst í útboðslýsingu en eftir það verða fjárfestar að treysta á mat matsfyrirtækja á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Í sambankalánum er hins vegar algengt að lánveitandi treysti stöðu sína með „*negative pledge*“ ákvæðum. Vissulega minnka líkur á greiðslu almennra krafna úr þrotabúi eftir því sem hlutfall veðtryggðra krafna eykst og kann aukin veðsetning að hafa áhrif á fjárfesta og lánveitendur fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sighvatsson,
aðstoðarseðlabankastjóri



Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2010
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 517. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Ekki eru gerðar athugasemdir vegna efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri



Alþingi
Erindi nr. P / 138 / 2499
komudagur 25.5.2010

Viðskiptanefnd
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2010

Vísað er til fyrri samskipta vegna 517. máls Alþingis, frumvarps til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins (FME) á eignum og skyldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Fulltrúar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) voru boðaðir á fund nefndarinnar 19. maí sl. þar sem fáeinum spurningum var beint að sjóðnum vegna frumvarpsins. Er hér um að ræða eftirfarandi spurningar:

1. Rýrir eða takmarkar 3. gr. frumvarpsins forgang TIF?
2. Er nauðsyn að gera almenna lagabreytingu sama efnis og frumvarpið felur í sér, þ.e. sambærilegar reglur sem taki ekki bara til „neyðarlagafyrirtækja“.

Á fundinum var beðið um skrifleg svör frá TIF. Svör TIF fara hér eftir.

Hvað fyrri spurninguna varðar þá er vísað til 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ráðstafanir fjármálafyrirtækis er tengjast afhendingu fjármuna í hið veðsetta eignasafn skuli ekki sæta riftun, sbr. 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Hér er verið að vísa til þess að ef fjármálafyrirtæki, sem eiga undir frumvarpið, veitir veð í eignum sínum „í tengslum við uppgjör“ vegna ráðstöfunar FME á grundvelli neyðarlaganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Eftir hrun bankanna og eftir því sem slitameðferð eldri banka hefur undið fram hefur verið unnið í uppgjörum og greiðslum vegna eignasafna sem færð hafa verið frá eldri bönkum til nýrri. Slíkt uppgjör hefur farið fram m.a. milli Landsbankans, sem er í slitameðferð og NBI. Síðarnefndi bankinn gaf út skuldabréf til eldri bankans vegna eigna sem færðar voru til NBI. Frumvarpið veitir m.a. heimild fyrir NBI að veðsetja eignir sínar í einu lagi, sem er undantekning frá meginreglunni sem lögfest er í 1. mgr. 3. gr. samningsveðlaga nr. 75/1997, um að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi með samningi. Þá hefur frumvarpið í för með sér að auðveldara verður fyrir þá, sem frumvarpið tekur til, að veðsetja eigur sínar þar eð slakað er á kröfum sem settar eru í 46. gr. samningsveðlaganna.

Í 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um að rifta megi m.a. veðrétti sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Ákvæðið gæti að gildandi lögum átt við um veðsetningu þeirra nýju banka sem gefið hafa út skuldabréf til eldri banka. Er hér vísað til þeirrar aðstöðu að nýju bankarnir bæti við veð til handa eldri banka eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði. Með því að „taka úr sambandi“ ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er ljóst að nýrri bankar eiga hægar með að veðsetja eignir sínar og minni eignir kunna að vera til fullnustu krafna þeirra sem aftar standa í réttindaröðinni heldur en veðhafar.

Um réttthæð krafna er fjallað í XVII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Veðkröfur njóta réttthæðar samkvæmt 111. gr. laganna. Á eftir þeim koma svokallaðar forgangskröfur en



kröfur TIF falla þar undir samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sbr. 9. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlögin). Ef veðsetning, sem ella væri riftanleg, er undanþegin 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga, takmarkar það möguleika TIF á endurheimtum. Það er því ljóst að ákvæði 3. gr. takmarkar forgang sjóðsins. Slíkt kemur þó aðeins til álita ef bú veðsalans er tekið til gjaldþrotaskipta og það reynir á réttindaröð samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

Ekki verður séð að síðari spurningin geti varðað TIF sérstaklega. Öll framangreind sjónarmið sem rakin eru að framan eiga þó við um þá aðstöðu þegar slík fyrirtæki fara í þrot og/eða slitameðferð.

Virðingarfyllst,

Sigrún Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2310
komudagur 17.5.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði (517. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér viðbót við neyðarlögin svokölluð frá október 2008.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs